



Bæjarráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 28. maí 2024
Mál nr. 2024050449

Efni: Strætóskólinn – innleiðing fyrir nemendur í 6. bekk grunnskóla Reykjanesbæjar

Markmið innleiðingar er að auka þekkingu og notkun á strætó hjá grunnskólabörnum. Með því að auka hlutdeild á virkum ferðamátum, minnkum við álag á aðra innviði og drögum úr mengun. Erindi hefur verið samþykkt af skólastjórnendum. Við óskum eftir að fara fyrir bæjarráð þar sem við leggjum til að allir nemendur sem ljúka við strætóskólann fái strætókort að gjöf, sem væri stuðningur við innleiðingu á verkefninu. Áætlað er að verkefni verði innleitt í 5. bekk allra grunnskóla haustið 2025, en vegna tilraunaverkefnis þá verður það 6. bekkur haustið 2024.

Samkvæmt gagnatorgi Reykjanesbæjar eru 228 nemendur fæddir 2013, sem væru í þessari innleiðingu.

Samkvæmt gjaldskrá 2024 kostar árskort fyrir börn á aldrinum 6-18 ára 2.000 kr

Óbeinn kostnaður af verkefninu er mögulega tapaðar tekjur vegna strætókorta: 456.000 kr

Margrét Lilja Margeirsdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála

Anna Karen Sigurjónsdóttir
Sjálfbærnifulltrúi

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
S
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni